


Festi í Grindavík. Morgunblaðið/Júlíus

Vordagar Bókasafns Grindavíkur:

Fastur menningarviðburður yfir páskadagana

Grindavík.

VORDAGAR Bókasafns Grindavíkur eru orðnir að föstum árlegum menningarviðburði yfir páskadagana í Grindavík þar sem boðið er upp á málverkasýningu, ljóðaupplestur og söng í Félagsheimilinu Festi.

Vordagar hefjast að þessu sinni fimmtudaginn 31. mars, skírdag, með málverkasýningu Sigríðar Rósinkransdóttur, en hún hefur stundað myndlistarnám í Baðstofunni í Keflavík síðan 1974, lengst af undir haldleiðslu Eiríks Smith. Þetta er önnur einkasýning hennar en áður hefur hún tekið þátt í nokkrum samsýningum í Keflavík, Sandgerði og í Hjörring í Danmörku. Sigríður sýnir bæði vatnslitamyndir og olíumálverk en efniviðinn sækir hún aðallega til Suðurnesja. Sýningin, sem er sölusýning, verður opnuð klukkan 17.00 á skírdag og verður síðan opin frá kl. 14.00 til 22.00 fram á páskadag, 3. apríl.

Annar gestur Vordaganna verður Bergþóra Árnadóttir vísnasöngkona sem mun troða upp með söng og eigið undirspil laugardaginn 2. apríl fyrir páska klukkan 15.00. Bergþóru er óþarfi að kynna því hún er vel þekkt af hljómplötum, tónleikum og sjónvarpsþáttum sem hún hefir komið fram í.

Á Vordögum í Grindavík hefur verið boðið upp á upplestur skálds á eigin verkum. Að þessu sinni mun ung stúlka, Birgitta Jónsdóttir, lesa úr eigin ljóðum. Birgitta hefur vakið athygli á samkomum undanfarið þar sem hún hefur lesið ljóð sín. Ljóð eftir hana hafa meðal annars birst í Lesbók Morgunblaðsins. Þess má geta að Birgitta er dóttir Bergþóru Árnadóttur og mun hún koma fram með móður sinni á laugardeginum.


Að vanda verður boðið upp á kaffi og veitingar á Vordögum Bókasafns Grindavíkur.

Kr.Ben.

Jens Kristleifsson sýnir á Kjarvalsstöðum

MÁLVERKASÝNING með verkum Jens Kristleifssonar verður opnuð á vesturgangi Kjarvalsstaða laugardaginn 2. apríl næstkomandi.

Jens Kristleifsson er fæddur í Reykjavík árið 1940. Hann lauk námi frá Myndlista- og handíðaskólanum 1961 og var á Listaháskólanum í Kaupmannahöfn veturinn 1966-'67. Jens sýndi í fyrsta sinn opinberlega með öðrum á „Vorsýningunni á Charlottenborg" að lokinni námsdvöl ytra. Síðan hefur hann haldið fjölmargar sýningar, einkum á dúkristum. Á þessari sýningu eru landslagsmálverk. Sýningu Jens Kristleifssonar lýkur 17. apríl.



Jens Kristleifsson

Fróðleikur og skemmtun fyrir háa sem lága!
Morgunblaðið

Nýtt ljós frá OSRAM

Góðar fermingargjafir

Í LJÓSI LÍÐANDI STUNDAR

— *saga Pólýfónkórsins í 30 ár.*

Messias eftir Händel
á geisladiskum og plötum
í flutningi Pólýfónkórsins.

Fæst í hljómplötuverslunum.

PÓLÝFÓNKÓRINN

Sunnubraut – sjávarlóð

Til sölu er einbhús á sjávarlóð við Sunnubraut í Kópavogi. Húsið er á einni hæð um 230 fm auk bílsk. og 36 fm kjallara. Mjög vandlega endurn. Einkasala.
Opið á þriðjudag.

Einar Sigurðsson hrl.
Laugavegi 66, sími 16767.

Austurstræti
FASTEIGNASALA
Austurstræti 9 Sími 26555


TÆKIFÆRI Í MIÐBÆ


Austurstræti
FASTEIGNASALA
Austurstræti 9 Sími 26555


Vorum að fá í sölu einstakar eignir í miðbæ.
Íbúðirnar og húsin eru nánast öll endurbyggð.


Lýsing á íbúðum:
Parket á gólfum, flísalögð baðherbergi, allar innréttingar nýjar.
Vönduð tæki í eldhúsum og baðherbergjum.
Einstakt fyrsta flokks ástand.
2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir.
Ath.: Þetta er aðeins sýnishorn af eignum.














Einstök kjör **26555** Einstök kjör

Ólafur Örn heimasími 667177, Lögmaður Sigurberg Guðjónsson.